

Endursögn úr tveimur minnisblöðum til ríkisstjórnar um stafræna sjónvarpsdreifingu Ríkisútvarpsins fyrir allsherjar- og menntamálanefnd vegna umfjöllunar um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, 748. mál á 140. löggjafarþingi.

Í tveimur minnisblöðum sem mennta- og menningarmálaráðherra hefur lagt fyrir ríkisstjórn er fjallað um stafræna dreifingu á sjónvarpi til allra landsmanna og fyrirhugað útboð á dreifikerfi sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins.

Í minnisblaði, dags. 24. febrúar 2012, var vísað til ákvörðunar ríkisstjórnar frá sumri 2008 að skipa nefnd fjögurra ráðuneyta til að koma fram með tillögur um hvernig hægt væri að ná markmiðum fjarskiptaáætlunar 2005-2010 um stafræna sjónvarpsdreifingu fyrir alla landsmenn, m.a. með tilliti til dreifingar Ríkisútvarpsins. Sérstaklega var tekið fram að nefndinni væri ætlað að leggja mat á framkvæmd þágildandi fjarskiptaáætlunar og stafræna miðlun myndefnis, fjalla um ógnir og tækifæri í stafrænni miðlun með hliðsjón af almennri þróun og stefnumörkun stjórnvalda á Norðurlöndum og innan Evrópusambandsins. Þá var nefndinni ætlað að móta tillögur að endurskoðuðum og nýjum markmiðum fyrir stafræna miðlun myndefnis á Íslandi og gera tillögur að fyrirkomulagi stafrænnar dreifingar á dagskrá og efni Ríkisútvarpsins.

Nefnd um stafræna sjónvarpsdreifingu sendi frá sér áfangaskýrslu í maí 2010 þar sem fjallað er almennt um stafræna miðlun myndefnis, þann samruna sem hefur átt sér stað á sviði fjölmiðlaþjónustu og fjarskipta, nýja notkunarmöguleika, ógnir og tækifæri auk stefnumörkunar og leiða sem farnar hafa verið erlendis. Í skýrslunni var jafnframt bent á að fjarskiptafyrirtæki hafi nú þegar komið upp stafrænum dreifikerfum á markaðslegum forsendum og telji sig ekki hafa hag af því að leggja út í þann viðbótarkostnað sem myndi fylgja því að láta fjarskiptakerfi fyrir mynd- og hljóðmiðlun ná til allra landsmanna. Enn væri talið er að 1.000 - 1.500 heimili hefðu ekki aðgang að fjarskiptakerfum fyrir mynd- og hljóðmiðlun í háskerpu (HD). Þá þyrftu notendur einkarekinna dreifikerfanna í flestum tilfellum að greiða sérstaklega fyrir dreifinguna, ólíkt því sem nú væri í hliðrænni sjónvarpsdreifingu þar sem dreifing Ríkisútvarpsins væri hluti af útvarpsgjaldinu. Fyrir heimili sem nýtti sér sjónvarpsdreifikerfi Símans og Vodafone til móttöku á dagskrá Ríkissjónvarpsins væri algengt mánaðargjald 5.000 kr., þar af eru 700 kr. fyrir leigu á myndlykli, án þess að keypt væri önnur sjónvarpsáskrift. Með stafrænum háskerpuútsendingum í lofti á UHF tíðnisviði (DVB-T2) væri hins vegar unnt að taka á móti stafrænni útsendingu sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins í nýrri sjónvarpstækjum án aukagreiðslu til fjarskiptafyrirtækja. Slíkar útsendingar yrðu hins vegar ávallt bundnar við þéttbýlustu svæði og því virtist óhjákvæmilegt að einhver hluti notenda þyrfti að hafa af því kostnað að taka á móti sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins í nýju stafrænu dreifikerfi ef ná ætti því markmiði laga um Ríkisútvarpið um dreifingu til landsins alls og næstu miða (2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 6/2007).

Í minnisblaðinu kom fram að í fjarskiptaáætlun 2005-2010 hafi upphaflega verið gert ráð fyrir því að núverandi dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir hliðrænar sjónvarpsútsendingar yrði leyst af hólmi í áföngum með stafrænni dreifingu frá og með árinu 2010 og að hliðrænar sjónvarpsútsendingar yrðu aflagðar sama ár. Sú tímaáætlun hafi hins vegar ekki gengið eftir. Í minnisblaði til ríkisstjórnar, dags. 15. mars 2011, hafi verið boðað að stafræn dreifing á dagskrá Ríkisútvarpsins hæfist á árinu 2012 en nú væri ljóst að af því yrði ekki. Ríkisútvarpið hefði í umsókn til Póst- og fjarskiptastofnunar óskað eftir heimild til reksturs hliðræns dreifikerfis fyrir sjónvarp út árið 2014. Ekkert dreifikerfi næði til sama fjölda landsmanna og núverandi hliðrænt dreifikerfi Ríkisútvarpsins. Það væri hins vegar komið til ára sinna, væri tæknilega úrelt og dýrt í rekstri og viðhaldi. Það væri mat nefndarinnar að samhliða því að leggja hliðræna kerfið niður yrði að tryggja stafræna dreifingu fyrir efni Ríkisútvarpsins tii framtíðar og tryggja samhliða því stafræna dreifingu fyrir mynd- og hljóðmiðlun í háskerpu

(HD) til allra landsmanna.

Í niðurlagi minnisblaðs ráðherra til ríkisstjórnar var lagt að Ríkisútvarpinu væri falið að undirbúa útboð fyrir stafræna sjónvarpsdreifingu til allra landsmanna. Við undirbúning þess yrði metin og skilgreind ásættanleg viðmið með tilliti til lágmarksgæða, rekstraröryggis, verðs til neytenda o.þ.h. Tilboð yrðu metin á grundvelli einkunna fyrir verð, uppbyggingarhraða, útbreiðslu, fjölda sjónvarpsrása, gæði þjónustu, uppfærslumöguleika o.s.frv.. Á þessu stigi væri ekki er gert ráð fyrir sérstökum útgjöldum ríkissjóðs tengd þessu verkefni en í samskiptum íslenskra stjórnvalda við Eftirlitsstofun EFTA (ESA) vegna rannsókna á fjárhags- og lagaumhverfi Ríkisútvarpsins hafi íslensk stjórnvöld áskilið sér rétt til að leggja sérstakt fjárframlag til uppbyggingar stafræns dreifikerfis fyrir Ríkisútvarpið, án þess að sá fjárstuðningur teljist vera „ný aðstoð“ í skilningi leiðbeinandi reglna ESA um ríkisstyrki til útvarpsþjónustu í almannapágu. Lagt var til að mennta- og menningarmálaráðherra yrði falið að fylgja málinu eftir í samstarfi við Ríkisútvarpið.

Í sameiginlegu minnisblaði mennta- og menningarmálaráðherra og fjármálaráðherra til ríkisstjórnar, dags. 11. apríl 2012, var fjallað um útboð á dreifikerfi fyrir stafræna útsendingu á sjónvarpsdagskrá Ríkisútvarpsins. Í minnisblaðinu var vísað til fyrrgreinds minnisblaðs mennta- og menningarmálaráðherra frá 24. febrúar 2012, um dreifingu á stafrænu sjónvarpi til allra landsmanna. Þar hafi verið gerð grein fyrir störfum nefndar fjögurra ráðuneyta um hvernig hægt væri að ná markmiðum fjarskiptaáætlunar 2005-2010 um stafræna sjónvarpsdreifingu fyrir alla landsmenn, m.a. með tilliti til dreifingar Ríkisútvarpsins. Í minnisblaðinu var vitnað til áfangaskýrslu nefndar um stafræna sjónvarpsdreifingu frá maí 2010 um að 1.000 - 1.500 heimili hefðu ekki aðgang að fjarskiptakerfum fyrir mynd- og hljóðmiðlun í háskerpu (HD). Þá þyrftu notendur einkarekinna dreifikerfanna í flestum tilfellum að greiða sérstaklega fyrir dreifinguna, ólíkt því sem nú væri í hliðrænni sjónvarpsdreifingu þar sem dreifing Ríkisútvarpsins væri kostuð af útvarpsgjaldinu. Með stafrænum háskerpuútsendingum í lofti á UHF tíðnisviði (DVB-T2) væri hins vegar unnt að taka á móti stafrænni útsendingu sjónvarpsdagskrár Ríkisútvarpsins í nýrri gerðum sjónvarpstækja án aukagreiðslu til fjarskiptafyrirtækja. Upphaflega hafi verið ráðgert að núverandi dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir hliðrænar sjónvarpsútsendingar yrði leyst af hólmi í áföngum með stafrænni dreifingu frá og með árinu 2010 og að hliðrænar sjónvarpsútsendingar yrðu aflagðar sama ár. Nú lægi hins vegar fyrir að hliðrænt dreifikerfi Ríkisútvarpsins fyrir sjónvarpsútsendingar yrði starfrækt út árið 2014.

Í minnisblaðinu frá 24. febrúar 2012 hafi verið lagt til að mennta- og menningarmálaráðherra yrði falið að fylgja því eftir við Ríkisútvarpið að þegar yrði hafinn undirbúningur að útboði fyrir stafræna sjónvarpsdreifingu til allra landsmanna. Í drögum að útboðslýsingu sem fylgdu minnisblaðinu var gerð grein fyrir áherslum Ríkisútvarpsins í þessu sambandi. Samkvæmt útboðslýsingunni væri um að ræða opið, tæknióháð útboð, þar sem óskað væri eftir kaupum á dreifikerfi, samningi um sjónvarpsdreifingu eða samstarfi um uppbyggingu dreifikerfis. Þá væri gerð grein fyrir þeim möguleika að Ríkisútvarpið yfirtæki rekstur á hinu nýja dreifikerfi eða fæli öðrum aðila rekstur þess til skemmri eða lengri tíma.

Þá kæmi fram í lýsingunni að bjóðendur skyldu uppfylla skýrar kröfur um fjárhagslegt og tæknilegt hæfi. Við val á tilboðum yrði horft til verðs, tæknilegra þátta og gæða í því skyni að velja hagkvæmustu lausnina fyrir Ríkisútvarpið og notendur þess.

Í niðurlagi minnisblaðsins kom fram að það væri mat fjármálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra að ákvörðun um framangreint þegar niðurstöður útboðsins lægju fyrir væri í eðli sínu pólitísk ákvörðun. Því var lagt til að ríkisstjórnin beindi þeim tilmælum tii stjórnar Ríkisútvarpsins að niðurstöður útboðsins yrðu kynntar í ríkisstjórn ásamt greiningu á þeim kostum sem þá lægju fyrir áður en Ríkisútvarpið tæki endanlega ákvörðun um viðræður

um kaup eða þjónustu á grundvelli útboðsins.